

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins mánudaginn 29.08.2011, kl.07.30.

Mættir eru:

Oddný Sturludóttir, Páll Hilmarsson, Hjördís Jóna Gísladóttir, Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Karlsson, Herdís Sigurjónsdóttir og Margrét Gauja Magnúsdóttir.
Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, Bjarni G. P. Hjarðar yfirverkfræðingur og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri.
Gestur fundarins undir öðrum lið er lögmaðurinn Ingi B. Poulsen.

Tekið fyrir:

- 1. Árshlutauppgjör janúar – júní 2011.**
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir drög að árshlutauppgjöri janúar – júní 2011. Málið rætt. Framkvæmdastjóri kynnir samanburð rekstrar og áætlunar fyrir tímabilið janúar – júní 2010. Árshlutauppgjörið samþykkt og staðfest með undirritun.
- 2. Kæra Gámáþjónustunnar og afsláttarkjör.**
Gestur fundarins undir þessum lið er lögmaðurinn Ingi B. Poulsen.
Kæra Gámáþjónustunnar vegna afsláttarkjara og afsláttarkjör eiganda rædd.
- 3. Rekstrarúttekt SSH.**
Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dagsett 24.08.2011, varðandi rekstrar-og fjárhagsúttekt á SORPU bs. á vegum SSH.
Margrét Gauja Magnúsdóttir fer af fundi.
- 4. Lyktarverkefni í Álfsnesi.**
Yfirverkfræðingur leggur fram og kynnir minnisblað um stöðu framkvæmda við móttöku á lyktarsterkum úrgangi á urðunarstað SORPU, dagsett 26.08.2011.
Upplýst um framgang mála og tafir við framkvæmdir og að vegna lokunar Kólku hafi þurft að taka á móti ristarútgangi í Álfsnesi þvert á samþykktir stjórnar SORPU þar um.
Stjórn SORPU lýsir yfir ánægju með þann árangur sem náðst hefur til að sporna við lyktarmengun í Álfsnesi. Jafnframt eru harmaðar þær tafir sem orðið hafa á framkvæmdum vegna móttöku á lyktarsterkum úrgangi með óþægindum fyrir íbúa svæðisins.
Áfram mun málið verða í forgangi hjá Stjórn SORPU.
- 5. Framleiðsla, sala og verðákvörðun á metani.**
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað varðandi metanefirspurn og metanverð frá SORPU bs. dagsett 28.8.2011. Lögð fram og kynnt skýrsla frá Mannvit verkfræðistofu dagsett 16.08.2011 varðandi „ Spá um sölu og framleiðslu metans. Aukningu í afköstum metankerfa á Bíldshöfða og í Álfsnesi.“. Málið rætt.
Stjórn samþykkir að frá og með 1.september skuli verð metans frá SORPU hækka um kr. 4,50 á Nm³ án vsk. til að mæta kostnaði við stækkun hreinsistöðvar í Álfsnesi svo mæta megi aukinni eftirspurn.
- 6. Málefni Metan hf.**
Stjórnarformaður greinir frá málefnum Metan hf.
- 7. Forsendur rekstraráætlunar 2012.**
Framkvæmdastjóri kynnir fyrstu drög að forsendum rekstraráætlunar.
Málið rætt.
- 8. Gjaldskrá**
Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað vegna gjaldskrár dagsett 24.ágúst 2011.

Handwritten notes and signatures in blue ink at the bottom right of the page, including initials like "OS", "PH", "BTD", "H", "MH", and "CSG".

Þar sem kynnt er breyting á gjaldskrá einstakra flokka endurvinnsluefna sem gerðar eru í framhaldi af hagstæðum samningum. Breytingin tekur gildi 1. september 2011 og er eftirfarandi:

Nr.	Flokkur	Nýtt verð		Var kr/kg með vsk
		kr/kg án vsk	kr/kg með vsk	
1401 0	Filmuplast - ólitað / óáprentað (Umbúðir sem bera úrvinnslugjald)			
	0 – 125 kg á mánuði	0	0	0
	126 – 250 kg á mánuði	-11,68	-14,65	-14,30
	251 – 375 kg á mánuði	-12,55	-15,75	-15,40
	376 kg og yfir á mánuði	-13,43	-16,85	-16,45
	Baggað filmuplast > 500 kg/bagga í 40 feta skipagámi á höfuðborgarsvæðinu eða FOB útflutningshöfn samkvæmt sérstöku samkomulagi	-16,13	-21,50	-21,00
1401 4	Umbúðir úr bylgjupappa			
	0 – 250 kg á mánuði	0	0	0
	251 – 500 kg á mánuði	-2,75	-3,45	-3,40
	501 – 1.000 kg á mánuði	-4,06	-5,10	-5,00
	> 1.001 kg á mánuði	-5,66	-7,10	-7,00
	Baggaðar umbúðir úr bylgjupappa > 500 kg/bagga í 40 feta skipagám á höfuðborgarsvæðinu eða FOB útflutningshöfn samkvæmt sérstöku samkomulagi	-12,07	-15,15	-15,00
1401 5	Afskurður - bylgjupappi	0,80	1,00	3,00
	Baggaður bylgjupappaafskurður > 500 kg/bagga í 40 feta skipagámi á höfuðborgarsvæðinu eða FOB útflutningshöfn samkvæmt sérstöku samkomulagi			
1401 7	Umbúðir úr sléttum pappa			
	0 – 1.000 kg á mánuði	0	0	0
	> 1.001 kg á mánuði	-13,50	-16,50	-16,00
1401 9	Blanda af pappír og umbúðum úr sléttum pappa og bylgjupappa t.d.úr blátunnu og grendargámum			
	0 – 500 kg á mánuði	0,00	0,00	0
	501 kg og yfir á mánuði	-0,40	-0,50	-0,20
1402 0	Filmuplast - litað / áprentað (Umbúðir sem bera úrvinnslugjald)			
	0 – 250 kg á mánuði	0	0	0
	251 kg og yfir á mánuði	-4,78	-6,00	-5,00
1402 3	Afskurður – sléttur pappi	-3,98	-5,00	0,90
	Baggaður sléttur pappi >500 kg/bagga í 40 feta skipagám á höfuðborgarsvæðinu eða FOB útflutningshöfn samkvæmt nánara samkomulagi			

MCM
HJG
hly!
PH
HS OS
BIB nu
BIB
RUB

Framkvæmdastjóri leggur einnig fram minnisblað vegna gjaldskrár dagsett 24.ágúst 2011 þar sem lagt er til að stofnaður verði nýr flokkur fyrir plast 14021 og breytt skilgreiningu á flokki 14012 úr plastumbúðum í Blanda af plastumbúðum úr mjúku og hörðu plasti. Er þetta gert í framhaldi af breyttum skilgreiningum hjá viðskiptaaðila og hagstæðum samningum.

Nr.	Flokkur	Nýtt verð		Var kr/kg með vsk
		kr/kg án vsk	kr/kg með vsk	
1401 2	Blanda af plastumbúðum úr mjúku og hörðu plasti (Umbúðir sem bera úrvinnslugjald, t.d. úr grenndargámum og frá endurvinnslustöðvum) 0 – 500 kg á mánuði > 500 - 1.000 kg á mánuði > 1.001 kg á mánuði	0 -0,32 -0,40	0 -0,40 -0,50	- - -
1402 1	Blandaðar umbúðir úr hörðu plasti (Umbúðir sem bera úrvinnslugjald)	8,21	10,30	10,30

Stjórn samþykkir ofangreinda tillögu og skulu breytingarnar eiga sér stað frá og með 1.september 2011.

9. Vinnustaðasamningur Eflingar, Hlífar og SORPU bs.

Framkvæmdastjóri kynnir kjarasamning Eflingar, Hlífar og SORPU bs sem undirritaður var 15.júní 2011. Gildistími samningsins er frá 1.maí 2011 til 31.mars 2014.

10. Ársskýrsla SORPU bs. fyrir árið 2010

Stjórnarmönnum afhent ársskýrsla SORPU bs

11. Flokkunarvél fyrir blátunnefni

Flokkunarlína er tilbúin og tekið er á móti efni úr blátunnu og sambærilegum efnum.

12. Afgreiðslutími móttökustöðvarinnar í Gufunesi á laugardögum.

Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað dagsett 27.ágúst 2011 varðandi opnunartíma móttökustöðvar í Gufunesi á laugardögum.

Stjórn samþykkir að frá og með 1.september 2011 skuli afgreiðslutími móttökustöðvar í Gufunesi, fyrir viðskiptavinum með viðskiptakort, vera frá klukkan 08.00 til klukkan 11.00 á laugardögum í stað frá 13.00 til 16.00.

BHTT

13. Tímasetning næstu stjórnarfunda

Framkvæmdastjóri leggur fram tillögu að fundartímum stjórnar SORPU bs frá september til desember 2011. Stjórn samþykkir tímasetningarnar.

Næsti fundur stjórnar verður mánudaginn 26.09.2011 klukkan 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 11.05.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Ólafur Stefánsson

Herdis Þryggvinsdóttir

Bjarni Þorfi

Haraldur Vanel

Ólafur Stefánsson

Margret Craya Magnúsd.
Hjördís J. Grönladóttir

Bjarni

Bjarni H.

